



EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Viðskiptalíkan JÁVERK	4
Um uppbyggingu skýrslunnar	4
Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins	4
JÁVERK og flokkunarreglugerðin	4
Gjaldgeng starfsemi	4
Tæknileg matsviðmið	5
Lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards)	5
Töflur úr 1. viðauka	6
Velta	6
Fjárfestingargjöld	7
Rekstrargjöld	7
Umhverfi	8
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	10
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	10
E3. Orkunotkun	12
E4. Orkukræfni	13
E5. Samsetning orku	14
E6. Vatnsnotkun	14
E7. Umhverfisstarfsemi	14
Endurvinnsla og úrgangur	14
Aðkeypt vara og þjónusta	15
Þekking	16
E8. Loftslagseftirlit/stjórn	16
E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur	16
E10. Mildun loftslagsáhættu	16
Félagslegir þættir	18
S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra	18
S2. Launamunur kynja	19
S3. Starfsmannavelta	19
S4. Kynjafjölbreytni	20
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	20
S6. Aðgerðir gegn mismunun	20
S7. Vinnuslysátíðni	22
S8. Hnattræn heilsa og öryggi	22
S9. Barna- og nauðungarvinna	22
S10. Mannréttindi	22
Stjórnarhættir	23
G1. Kynjahlutfall í stjórn	23
G2. Óhæði stjórnar	23
G3. Kaupaukar	23
G4. Kjarasamningar	23
G5. Siðareglur birgja	23
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	24
G7. Persónuvernd	24
G8. Sjálfbæriskýrsla	24
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	24
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	24
ESG tafla Jáverk 2023	28-32
Umhverfisþættir	28
Félagslegir þættir	31
Stjórnarhættir	33



INNGANGUR

JÁVERK gefur nú út í fjórða sinn samfélagsskýrslu með miklu stolti. Undanfarin ár hefur félagið unnið markvisst að því að auka þekkingu á umhverfismálum innan fyrirtækisins og þróa aðferðir til að mæla beina og óbeina losun kolefnisígilda sem verður vegna starfsemi fyrirtækisins.

Í ár er í annað sinn settur inn kafli tengdur EU flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy) ásamt töflum sem sýna sundurliðun tekna, rekstrargjalda og fjárfestinga samkvæmt henni.

Stefna JÁVERK er að vera leiðandi í umhverfismálum í mannvirkjagerð á Íslandi.

JÁVERK vill, með því að byggja heilnæmt og vandað húsnæði, stuðla að betri nýtingu hráefna samhliða auknum gæðum til handa íbúum og notendum þeirra mannvirkja. Gæða og umhverfismál í byggingariðnaði fara mjög vel saman sérstaklega ef litið er til hámarksendingar samhliða lágmarks viðhaldspörf bygginga. Með vönduðum byggingum viljum við einnig stuðla að því að lágmarka orkunotkun á líftíma bygginganna.

Undanfarin ár hefur JÁVERK unnið eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum og á árinu 2022 fékk JÁVERK vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sitt samkvæmt ISO 14001 staðlinum. Véladeild JÁVERK er utan gildissviðs ISO vottunar enn sem komið er. Þá er félagið með vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt ÍST 85 staðlinum.

Stjórnendur hafa samþykkt og kynnt metnaðarfull markmið um hvernig JÁVERK ætlar að bregðast við hnattrænni hlýnun og auknum kröfum um aðhald í losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta tekur m.a. til reksturs félagsins, efnisvali í nýframkvæmdum og flokkun úrgangs. Mælingar á umhverfisáhrifum eru gerðar eftir því sem kostur er á hverjum tíma og fylgst verður með þróun þeirra milli ára.

JÁVERK hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð sem er aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins. Hún innifelur m.a. umhverfisstefnu, mannréttinda- og jafnréttisstefnu, siðareglur og varnir gegn spillingar- og mútumálum, stefnu varðandi heilsu og öryggi starfsfólks ásamt jafnréttis- og jafnlaunastefnu. Stefnurnar hafa verið kynntar fyrir starfsfólki og má finna á innri vef félagsins. Þar má einnig finna markmiðasetningu félagsins á ofangreindum sviðum þar sem við á.

Viðskiptalíkan JÁVERK

JÁVERK er byggingarverktaki sem tekur að sér byggingarverkefni að hluta eða öllu leyti sem og að byggja í eigin nafni. Fyrirtækið trúir því að forsenda árangurs sé vönduð verkefnastjórnun, áætlanagerð og gott samstarf við viðskiptavini, hönnuði, birgja og undirverktaka. JÁVERK telur að hæfileg blanda eigin verkefna og verktakaverka fyrir öfluga verkkaupa dragi úr áhættu félagsins. Stærstur hluti tekna félagsins er því endurgjald vegna byggingaframkvæmda og söluandvirði eigin framkvæmda. Helstu gjöld eru efnis- og þjónustukaup, laun og annar rekstrarkostnaður. JÁVERK hefur lagt áherslu á framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurlandi. Með því að velja af kostgæfni þau verkefni sem félagið tekur að sér og þá viðskiptavini sem félagið vinnur fyrir, lágmarkar JÁVERK áhættu á að efnahagslegar sveiflur og/eða stefnubreytingar á ákveðnum mörkuðum hafi mikil áhrif á tekjugrunn og efnahag félagsins sem og orðssporsáhættu félagsins.

Um uppbyggingu skýrslunnar

Samfélagsskýrsla þessi er unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq frá febrúar 2020 (þýðing á ESG Reporting Guide 2.0 frá maí 2019). Samfélagsskýrslan skiptist í þrjá meginkafla; Umhverfi (E), Félagslega þætti (S) og Stjórnarhættir (G). Undir hverjum þessara þriggja meginkafla eru tíu undirkaflar. Við hvern undirkafla eru tilvísanir í viðkomandi kafla í GRI staðli (GRI), númer á meginreglu í UN Global Compact (UNGC) og númer á því markmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG) sem á við hverju sinni, sýnt til upplýsinga. Samhliða gögnum fyrir árið 2024 eru birt gögn fyrir árin 2022-2023. Þar sem sýnd er breyting á milli ára á það við breytingu milli áranna 2023 og 2024. Aftast í skýrslunni er að finna formlega ESG töflu. Félagið fylgir ekki áreiðanleikakönnunarferli hvað ESG mál varðar.

Þá er fyrsti kaflinn hér að neðan umfjöllun um Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins og hvernig JÁVERK uppfyllir þær kröfur sem þar eru gerðar.

FLOKKUNARREGLUGERÐ EVRÓPUSAMBANDSINS

Með tilkomu áhrifa loftlagsbreytinga og aukinnar áherslu þjóðríkja á sjálfbæra þróun, setti Evrópusambandið fram árið 2020 markmið (Green Deal) til ársins 2030 um kolefnishlutleysi og um aðrar aðgerðir á sviði loftslagsmála. Flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy) var sett fram til að styðja við þau markmið í þeim tilgangi að styðja við sjálfbæra þróun skipulagsheilda með því að auka gagnsæi þegar kemur að upplýsingagjöf um sjálfbærnimál.

Megininntak flokkunarreglugerðar ESB snýr að því að skilgreina hvort tilgreind atvinnustarfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær og að meta hvort að starfsemi geti verið gjaldgeng (e. eligible) og ef svo, hvort hún geti verið samræmd (e. aligned) við tæknileg matsviðmið sem sett eru fram í reglugerðinni. Óháð því mati þurfa félög, skv. 18. grein reglugerðarinnar, alltaf að upplýsa um stöðu gagnvart lágmarksverndarráðstöfunum (e. minimum safeguards) sem snúa að mannréttindum, spillingu og mútupægni, skattamálum og samkeppnismálum.

Á Íslandi tók reglugerðin gildi þann 1. júní 2023 í kjölfar innleiðingu laga nr. 25/2023 er varða upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrir fjármálafyrirtæki og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

JÁVERK og flokkunarreglugerðin

JÁVERK er meðal þeirra fyrirtækja sem nú þegar falla undir skyldu gr. 66.d. í ársreikningalögum nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf og ber því jafnframt skylda nú til að veita upplýsingar samkvæmt flokkunarreglugerð ESB.

Gjaldgeng starfsemi

Starfsemi JÁVERK hefur ekki tekið efnislegum breytingum frá fyrri árum og því á sú greining sem fram fór árið 2023 á kröfum reglugerðarinnar enn við. Eftir greiningu á þeim kröfum og mätun á starfsemi JÁVERK á sínum tíma kom í ljós að atvinnustarfsemi JÁVERK er skilgreind samkvæmt NACE flokkun í tveimur flokkum og telst því gjaldgeng. Er það annars vegar flokkur 6.6 vöruflutningaþjónusta á vegum og hins vega flokkur 7.1 smíði nýrra bygginga.

Tæknileg matsviðmið

Starfsemin hefur ekki möguleika á að vera samræmd flokkunarreglugerðinni eins og er, sökum þess að enn á eftir að innleiða Evrópulöggjöf á Íslandi varðandi orkunýtni bygginga. Ástæða þess er sú að Ísland hefur fengið tímabundna undanþágu frá vottorði um orkunýtingu bygginga og af sökum þess er ekki hægt að meta öll hlutföll veltu, fjárfestingarútgjalda eða rekstarkostnaðar sem uppfylla þær kröfur.

Lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards)

Í tengslum við við mat á stöðu JÁVERK gagnvart kröfum flokkunarreglugerðarinnar um lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt c.-lið 3. gr. samanber 18. gr. reglugerðar ESB nr. 2020/852 um flokkunarkerfi ESB sbr. lög nr. 25/2023 er hér greint frá mannréttindamálum, spillingu- og mútubægni, samkeppismálum og skattamálum.

Mannréttindi

JÁVERK hefur sett fram mannréttindastefnu og lítur svo á að hver einstaklingur njóti sömu virðingar og réttinda. Þá hefur félagið skuldbundið sig til að virða almenn mannréttindi í allri sinni starfsemi. JÁVERK hefur einnig sett fram stefnu sem snýr að félagslegum þáttum, þar falla undir starfsmanna- og jafnlaunastefna, öryggis- og heilbrigðisstefna og siðareglur félagsins. Félagið hefur jafnframt sett sér reglur um verklag þegar kemur að uppljóstrun starfsfólks um lögbrot eða ámælisverða háttsemi. Þar að auki hefur JÁVERK sett sér persónuverndarstefnu og hlítir félagið öllum lögum er varða persónuvernd. Félagið hefur ekki gerst brotlegt við lög eða reglur á sviði mannréttinda.

Ofantaldar stefnur hafa allar verið birtar opinberlega og má finna þær á vefsíðu félagsins.

Spilling og mútur

JÁVERK hefur sett fram stefnu um siðareglur félagsins og varnir þess gegn spillingu og mútumálum þar sem fjallað er sérstaklega um starfsfólk JÁVERK, meðferð trúnaðarupplýsinga, siðferðileg vafamál – vernd uppljóstrara og siðareglur birgja. Þegar kemur að miðlun upplýsinga er varðar spillingu og mútumál þá setur JÁVERK sérstakar kröfur fram í öllum nýjum verksamningnum er varðar ábyrgð verktaka og áskilur félagið sér um leið rétt til að rífta samningum sé kröfum ekki fylgt og ef til lögbrota kæmi. JÁVERK hefur einnig farið markvisst yfir helstu birgja félagsins og sent út siðareglur sínar til allra þeirra birgja sem ekki hafa gefið út sínar eigin siðareglur.

Siðareglur félagsins og varnir gegn spillingar- og mútumálum hafa verið birtar opinberlega og má finna þær á vefsíðu félagsins.



Skattar

Framkvæmdastjórn JÁVERK er meðvituð um mikilvægi þess að vera með ábyrga skattastefnu. Ekki er til skrifleg opinber skattastefna að svo stöddu en samtal er ávallt í gangi milli framkvæmdastjóra, aðstoðar framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og endurskoðenda félagsins um slíka stefnu.

Almennt um skattastjórnun:

Unnið er í samráði með endurskoðendum að ársreikningi félagsins. Notast er við verklokaaðferð í uppgjöri verka en verk framkvæmd í eigin reikning eru færð á efnahagsreikning og tekju- eða gjaldfærð við sölu. Skattalegar fyrningar eru aðrar en færast í ársreikningi og sama á við um afskriftir krafna. Áhættustýring er að sama skapi framkvæmd í samráði við endurskoðendur félagsins.

Verkfæri til þess að tilkynna óæskilega hegðun á sviði skattamála

Reglur um verklag varðandi uppljóstrun starfsfólks um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi eru til staðar og hafa verið kynntar öllu starfsfólki JÁVERK. Félagið eða stjórnendur þess hafa ekki gerst brotleg við lög og reglur á sviði skattamála.

Samkeppni

JÁVERK tekur fram í stefnu sinni um samfélagslega ábyrgð að félagið vilji starfa í sátt við samfélag og umhverfi og vera ábyrgur samfélagsþegn. JÁVERK einsetur sér jafnframt að fylgja öllum lögum og reglum er varða starfsemi félagsins. JÁVERK hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu og glæpsamlegri starfsemi og hefur félagið aldrei gerst brotlegt við samkeppnislög. Í síðareglum JÁVERK er tekið fram að birgjar félagsins skulu viðhafa viðurkennda viðskiptahætti og vinna gegn kúgun, peningapvætti, samkeppnishömlum, fjársvikum og spillingu.

Velta

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)
		m.ISK	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			99,56%
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Smíði nýrra bygginga	7.1	11.013	95,73%
Vöruflutningaþjónusta á vegum	6.6	441	3,83%
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		11.453	99,56%
Alls (A.1 + A.2)		11.453	99,56%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		51	0,44%
Alls (A +B)		11.504	100%

Fjárfestingagjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)
		m.ISK	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			100%
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
Fjárfestingargjöld starfssemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Smíði nýrra bygginga	7,1	78	73,56%
Vöruflutningaþjónusta á vegum	6,6	28	26,44%
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		106	100,00%
Alls (A.1 + A.2)		106	100,00%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Gjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		-	0,00%
Alls (A +B)		106	100%

Rekstrargjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)
		m.ISK	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			100%
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Smíði nýrra bygginga	7,1	160	91,11%
Vöruflutningaþjónusta á vegum	6.6	16	8,86%
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		176	100,00%
Alls (A.1 + A.2)		176	100,00%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Gjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		-	0,00%
Alls (A +B)		176	100%

UMHVERFI

JÁVERK leggur ríka áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, hvort sem er í rekstri eða í þeim framkvæmdum sem félagið stendur fyrir. Umhverfisáhrif eru mæld og birt í þessari skýrslu.

Á árinu 2024 hélt vegferð JÁVERK í Svansvottun eigin verkefna áfram. Á árinu voru 401 íbúð í byggingu í Svansvottunarferli í fjórum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Svansvottun er opinbera umhverfismerki Norðurlandanna og að okkar mati besti formlegi gæðastimpillinn sem til er á íslenskum byggingarmarkaði í dag.

Það sem við hjá JÁVERK erum hvað hrifnust af varðandi Svansvottunina er að fyrir utan það að huga að minni umhverfisáhrifum þá eru stífar kröfur varðandi gæði húsnæðisins og heilnæmi fyrir notendur. Hægt er að sjá frekari upplýsingar um svansvottaðar íbúðir á www.javerk.is.

Undanfarin ár höfum við verið að skoða lífsferilsgreiningar okkar verka. Nokkrar ástæður eru fyrir því að við lögðum af stað í þessa vinnu:

- Við viljum greina hvaða þættir það eru í verkefnum sem hafa mest umhverfisáhrif
- Fá mælikvarða á árangur í umhverfismálum
- Finna tækifæri til að minnka umhverfisáhrif í verkefnum

Á árinu 2024 voru settar fram kröfur í byggingarreglugerð sem munu taka gildi í september 2025 um gerð og skil lífsferilsgreininga og aðlöguðum við okkar greiningar að þeim kröfum. Við höfum lokið greiningum á fjórum verkefnum og skilað tveimur þeirra til HMS á árinu að eigin frumkvæði.

Hér má sjá niðurstöður á greiningum eigin verka:

Lífsferilsgreiningar	Einingar	Tívolíreitur	Tryggvagata 10-12	Traðarreytur eystri
A1-A3, B4, B5, C3, C4	kgCO2íg/m2	6,5	5,9	5,3
B6	kgCO2íg/m2	1,5	1,5	1,5
A4, A5, C1-C2	kgCO2íg/m2	1,6	1,6	1,6
Samtals	kgCO2íg/m2	9,6	9,0	8,8
Fermetrar	m2	1.214	9.874	27.271
Bílakjallari		Nei	Já	Já
Vottun		Svansvottun	Svansvottun	Svansvottun

A1-A3, B4, B5, C3, C4 (byggingarefni/hræfni, endurnýjun þeirra og förgun): Stuðst er við EPD (Environmental Product Declaration) þar sem það er til staðar. Ef ekki er til EPD fyrir byggingarefnið sem notað var/verður þá er stuðst við almennar meðaltalstölur frá Danmörku.

B6 (orka í rekstri): Í þessum verkefnum eru loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu og orkunotkun reiknuð. Kolefnisspor þessa þáttar er upb 50% lægra en þegar stuðst er við meðaltalstölur frá HMS.

A4, A5, C1-C2 (Byggingarframkvæmd, flutningur á verkstað og niðurriif): Notaðar eru meðaltalstölur frá HMS. Losun frá þessum þáttum hefur ekki verið reiknuð hjá JÁVERK.

Niðurstöður þessara greininga sýna okkur að þær aðgerðir sem við höfum þegar gert eru að skila árangri í lækkun kolefnisspors, en þar ber helst að nefna:

- Steypa sem notuð er í verkefninum er að langstærstum hluta með minna sement og þar með er kolefnisspor hennar 30-35% lægra en hefðbundin steypa. Gróflega reiknað er það sparnaður uppá upb 0,6-0,8kgCO₂íg/ári/fm
- Magn steypu og einnig steypustyrktarjárns hefur mikil áhrif á kolefnisspor og því er lykilatriði að vanda hönnun burðarvirkis með það að markmiði að lágmarka umfram notkun steypu og steypustyrktarjárns. Sem dæmi er hægt að nota steypu með minna sementsmagni í innveggi en útveggi.
- Loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu skilar um 50% lægra kolefnisspori á fermeter á ári, það er sparnaður uppá 1,5kgCO₂íg/ári/fm.

Með þessu sést hversu mikil áhrif kröfur svansvottunar eru að hafa á verkefnin, en þess má geta að JÁVERK hefur gengið lengra en Svanurinn gerir kröfur á, t.d. þegar kemur að notkun steypu með minnkuðu sementi. Svansvottun er því ekki einungis að auka gæði og heilnæmi húsnæðisins heldur hefur einnig töluverð áhrif á kolefnissporið.

JÁVERK hélt áfram þátttöku í nýsköpunarverkefni um Hringrásarvegg, Hringrásarveggur úr gleri, en framhald þess verkefnis fékk styrk frá Hönnunarsjóði. Í verkefninu er unnið að gerð innveggs úr endurunnu gleri. Verkefnið er samstarfsverkefni Basalt arkitekta, Eflu verkfræðistofu, Reykjavík Glass og JÁVERK.



Ef horft er á umhverfisáhrif framkvæmdastaðarins sjálfs þá eru þar stærstu þættirnir flokkun á rusli, meðferð og notkun spilliefna og möguleg mengunarslys svo sem olíuleki úr tækjum. Unnið hefur verið að því að bæta flokkun á rusli, sem felst helst í fræðslu, merkingum og fjölgun gáma.

Á síðustu árum hefur mikil vinna átt sér stað í umhverfismálum innan fyrirtækisins en þeirri vinnu er hvergi nærri lokið. Við erum ennþá að afla okkur þekkingar, miðla þeirri þekkingu og vinna í innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfisins. Stærstu þættir umhverfismála á verkstaðnum sjálfum eru flokkun á rusli, meðferð og notkun spilliefna og möguleg mengunarslys svo sem olíuleki úr tækjum.

Flokkun á úrgangi er síður en svo einfalt verkefni og verður áskorun að halda áfram að ná fram bættri flokkun, sem og minnkun á úrgangi almennt. Fjöldi hættumerktra efna hefur minnkað verulega eftir að Svansvottunarferli félagsins hófst, og sjáum við að sú þróun smitast yfir í verkefni sem ekki eru Svansvottuð. Þar sem magn úrgangs er mjög mismikið eftir því í hvaða fasa framkvæmdin er og eins hvers konar húsnæði um ræðir, þá er erfitt að lesa mikið úr samanburði á úrgangsmagni og flokkun á milli ára. Flokkun heldur áfram að aukast í öllum verkefnum og er komin í 87% sem við erum afar stolt af. Áskorun næstu ára verður að minnka heildarmagn úrgangs í verkefnum.

Þegar kemur að umhverfismálum er ekki hægt að bíða eftir einhverju einu stóru sem bjargar málunum heldur er nauðsynlegt að gera fullt af litlum aðgerðum og breytingum sem safnast þegar saman kemur. Hér eru nokkur dæmi um litlar aðgerðir sem farið var í til að minnka umhverfisáhrif:

- Steinullarafskurður tekinn frá, geymdur og nýttur annarsstaðar – t.d. meðfram hurðum, eða inni í lagnasköktum
- Timbri safnað fyrir brennur sveitarfélaga
- Pallettum safnað saman og skilað til endurnotkunar
- Klæðningaplötur pantaðar í réttum stærðum sem lágmarka afskurð
- Bráðabirgðagólfhiti í byggingu, sem kemur hita á byggingu snemma í byggingarferli og sparar eldsneyti á hitablásara á byggingartíma

Rafbílavæðingin hélt áfram en keyptir voru 3 nýir rafbílar á árinu og eru rafbílar því orðnir 26% af fólks- og sendibílaflota félagsins í lok árs.

E1. Losun gróðurhúsalofttegunda

GRI 305-1, 2, 3 | UNGC 7 | SDG 12, 13

Tafla E1 sýnir losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi JÁVERK, skipt niður eftir mismunandi uppsprettum og í beina (umfang 1) og óbeina (umfang 2 og 3) losun. Losunin er reiknuð eftir leiðbeiningum í Greenhouse Gas Protocol (GHG protocol), sem er alþjóðlegur staðall fyrir uppgjör á losun gróðurhúsalofttegunda og er gefin upp í CO₂ ígildum. Losunartölur eru útreiknaðar miðað við raunnotkun og umreiknistuðla frá Umhverfisstofnun.

Heildar losun á árinu er að dragast saman um 0,2% þrátt fyrir að velta félagsins sé að aukast um 5,6%.

Undir umfang 1 fellur losun vegna eldsneytis sem notuð er á bifreiðar, vinnuvélar og tæki JÁVERK. Heildarmagn í umfangi 1 fyrir árið 2024 er 518 tCO₂í sem er 0,8% aukning frá árinu 2023. Skýringu á aukningu milli ára má að rekja til aukinna umsvifa bæði hjá krana og flutningaþjónustu félagsins og aukinna umsvifa almennt en tekjur jukust um 5,6% frá fyrra ári.

Á árinu 2024 voru keyptir 3 rafmagnsbílar og fækkaði um 2 jarðefnaeldsneytisbíla í bílaflota félagsins. Eitt af markmiðum JÁVERK er að skipta út öllum þeim ökutækjum sem nota jarðefnaeldsneyti sem hægt er fyrir rafmagnsbíla og mun þessi vegferð halda áfram á næstu árum.

Undir umfang 2 fellur losun sem á sér stað við framleiðslu raforku og heits vatns sem JÁVERK notar. Heildarmagn í umfangi 2 fyrir árið 2024 er 49,1 tCO₂í sem er 5,9% aukning frá árinu 2023. Notaðir voru umreiknistuðlar frá Umhverfisstofnun en mikla aukningu á milli áranna 2022 til 2023 má rekja til breytinga á losunarstuðlum frá Umhverfisstofnun þar sem losun frá heitu vatni er nú tekin með en fram til ársins 2023 var losun frá heitu vatni reiknuð 0 skv. losunarstuðlum Umhverfisstofnunar. Að auki hafa umsvif aukist. Allt rafmagn var keypt frá



Orkusölunni sem staðfestir að uppruni rafmagnsins sé frá endurnýjanlegum orkugjöfum með upprunaábyrgðum.

Losunartölur fyrir umfang 3 eru sýndar hér fyrir úrgang og umreiknað samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Heildarmagn í umfangi 3 vegna úrgangs er 142,2 tCO₂í sem er 5,4% samdráttur frá árinu 2023. Viðbúið er að miklar sveiflur verði í þessu magni milli ára og ræðst þetta að miklu leyti á mismunandi byggingarstigi framkvæmda á milli ára. Að auki er reiknað með að magn úrgangs aukist með auknum umsvifum.

Ákveðið hefur verið að reikna mótvægisáðgerðir ekki til frádráttar á losun vegna þess hve óáreiðanlegir þeir útreikningar virðast vera.

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Umfang 1 – Heildarmagn eldsneytis	tCO ₂ í	507,1	513,7	518,0	0,8%
Umfang 2 – Heildarmagn rafmagns og heits vatns	tCO ₂ í	28,1	46,4	49,1	5,9%
Þar af verkstaðir	tCO ₂ í	24,7	44,1	46,5	5,4%
Þar af skrifstofur og verkstæði	tCO ₂ í	3,4	2,2	2,6	19,5%
Umfang 3 – Flugferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3 – Aðkeypt þjónusta og efni	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3 – Heildarmagn úrgangs	tCO ₂ í	123,1	150,3	142,2	-5,4%
Þar af endurvinnsla	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,0	0,0%
Þar af urðun	tCO ₂ í	134,2	150,3	142,1	-5,5%
Þar af lífrænn úrgangur til jarðgerðar	tCO ₂ í	0,1	0,1	0,1	57,1%
Samtals losun	tCO ₂ í	658,2	710,5	709,3	-0,2%
Mótvægisáðgerðir:	tCO ₂ í				
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-4 SDG: 13					

E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

GRI 305-4 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13

Losunarkræfni sýnir losun gróðurhúsalofttegunda frá félaginu miðað við helstu stærðir í rekstri þess. Úttaksstærðir eru tekjur ársins, starfsmannafjöldi og eigið fé.

Athuga verður að misræmi er á milli tekna félagsins samkvæmt ársreikningi og orkunotkunar þess árs vegna sölu eigin verkefna. Tekjur vegna eigin verkefna eru allar tekjufærðar á söluári en ekki framkvæmdaári eins og orkunotkun. Ekki hefur verið leiðrétt fyrir því misræmi í útreikningum hér að neðan.

JÁVERK starfar með mörgum undirverktökum á hverjum tíma og verður því orkukræfni á starfsmann að skoðast með tilliti til þess. Ekki hefur verið tekið tillit til fjölda undirverktaka á hverju ári í útreikningum hér að neðan, aðeins launþega JÁVERK.

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Rekstrarþættir					
Rekstrarþættir					
Losun gróðurhúsalofttegunda	tCO ₂ í	658,2	710,5	709,3	-0,2%
Tekjur	millj. ISK	8.239,7	10.895,9	11.503,9	5,6%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	80,0	79,0	81,0	2,5%
Eigið fé	millj. ISK	2.119,8	2.104,2	2.895,1	37,6%
Losunarkræfni					
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/millj ISK	79,9	65,2	61,7	-5,4%
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ í/stöðug.	8.228,0	8.993,1	8.756,4	-2,6%
Losunarkræfni eigin fjár	kgCO ₂ í/millj ISK	310,5	337,6	245,0	-27,4%
Nasdaq: E2 UNGC: P7, P8 GRI: 305-4 SDG: 13					

E3. Orkunotkun

GRI 302-1, 2 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13

Orkunotkun JÁVERK er vegna eldsneytis á bíla og vinnuvélar félagsins (bein orkunotkun) og rafmagns- og heitavatnsnotkunar í fasteignum, við framkvæmdir félagsins (óbein orkunotkun) og hleðslu á rafbílum. Orkunotkun hér hefur verið umreiknuð í kWst samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar eða þjónustuaðila. Athuga verður að orkupörf verkefna er mjög mismunandi eftir því hvar viðkomandi verkefni er stött í framkvæmdaferlinu, sbr. þörf á kyndingu o.þ.h.. Þetta misræmi getur skapað miklar sveiflur milli einstakra ára í orkunotkun félagsins.

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Jarðefnaeldsneyti	kWst	1.932.316	1.885.485	1.902.379	0,9%
Rafmagn	kWst	2.729.759	1.459.416	1.515.597	3,8%
Heitt vatn	kWst	7.420.599	4.556.136	4.863.624	6,7%
Heildarnotkun	kWst	12.082.674	7.901.037	8.281.600	4,8%
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12					



E4. Orkukræfni

GRI 302-3 | UNGC 7, 8 | SDG 12, 13

Orkukræfni sýnir orkunotkun JÁVERK miðað við helstu stærðir í rekstri félagsins. Úttaksstærðir eru tekjur ársins, starfsmannafjöldi og eigið fé. Athuga verður misræmi í lotun tekna og starfsmannafjölda á móti fjölda undirverktaka sbr. kafla E2.

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Rekstrarþættir					
Bein orkunotkun	kWst	12.082.674,0	7.901.037,3	8.281.600,2	4,8%
Tekjur	millj. ISK	8.239,7	10.895,9	11.503,9	5,6%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	80,0	79,0	81,0	2,5%
Eigið fé	millj. ISK	2.119,8	2.104,2	2.895,1	37,6%
Orkukræfni					
Orkukræfni tekna	kWst/millj. ISK	1.466,4	725,1	719,9	-0,7%
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðug.	151.033,4	100.013,1	102.242,0	2,2%
Orkukræfni eigin fjár	kWst/millj. ISK	5.699,9	3.754,9	2.860,5	-23,8%
Nasdaq: E4 UNGC: P7, P8 GRI: 302-3 SDG: 12					

E5. Samsetning orku

GRI 302-1 | UNGC | SDG 7

Orkunotkun félagsins jókst um 4,8% frá árinu 2023. JÁVERK kaupir eingöngu rafmagn og heitt vatn sem á uppruna frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Árið 2024 var 23% af heildarorkunotkun frá óendurnýjanlegum orkugjöfum en 77% frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Heildarorkunotkun	kWst	12.082.674	7.901.037	8.281.600	4,8%
Jarðefnaeldsneyti	%	16,0%	23,9%	23,0%	-3,7%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	84,0%	76,1%	77,0%	1,2%
Þar af rafmagn	%	22,6%	18,5%	18,3%	-0,9%
Þar af heitt vatn	%	61,4%	57,7%	58,7%	1,8%
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7					

E6. Vatnsnotkun

GRI 303-5 | UNGC | SDG 6, 12

Vatnsnotkun JÁVERK er vegna húshitunar, kælikerfa og almenn notkun á heitu og köldu neysluvatni. Kaldavatnsnotkun er ekki mæld. .

	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Kalt vatn	m³	-	-	-	
Heitt vatn	m³	127.283	78.150	83.424	6,7%
Heildarvatnsnotkun	m³	127.283	78.150	83.424	6,7%
Endurunnið vatn	m³	-		-	-
Endurheimt vatn	m³	-		-	-
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6					

E7. Umhverfisstarfsemi

GRI 103-2 | UNGC | SDG 12


Umhverfisstefna JÁVERK var uppfærð á árinu 2021 þar sem við einsettum okkur að vera leiðandi í umhverfismálum í mannvirkjagerð á Íslandi. Þau atriði sem áhersla var lögð á á síðasta ári, fyrir utan að greina umhverfisáhrif og vinna að umhverfismælikvörðum eru talin upp hér að neðan. Ekkert umhverfisslys var skráð á árinu.

Endurvinnsla og úrgangur


Á öllum verkstöðum JÁVERK er úrgangur flokkaður og eru umfangsmestu flokkarnir: timbur, málmur, steinefni, plast, pappír og almennt sorp. Unnið var áfram að bættri flokkun með merkingum á gámum, og fræðslu. Átak í rétttri flokkun spilliefna skilaði aukningu í þeim úrgangsflokki en það átak heldur áfram. Flokkunarhlutfallið er 87% á árinu 2024 og hefur aukist síðustu ár. Úrgangur frá verkstöðum er mjög fjölbreyttur, yfirleitt ekki hreinn og aðstaða til að þrifa úrgang áður en hann er settur í gáma ekki til staðar. Upplýsingar um hvernig eigi að flokka úrgang eru oftast en ekki flóknar og með samsettan úrgang er oft ekki hlaupið að því að vita hvernig á að flokka. Það er því áskorun að vita hvernig á að flokka ýmsan úrgang sem fellur til og sömuleiðis að koma þeim upplýsingum til skila til þeirra sem eru að henda úrganginum. Þetta verkefni heldur því áfram og verður líklega áskorun næstu árin.

Á skrifstofum og verkstöðum JÁVERK er flokkað í eftirfarandi flokka: Timbur, málma, spilliefni, lífrænan úrgang, plast og pappa. Á árinu 2024 var unnið að því að bæta flokkun með fræðslu, bættri merkingu gáma ásamt leiðbeiningum um flokkun.

Flokkunarhlutfall




Heildarmagn úrgangs (tonn)



Mynd 1: Flokkunarhlutfall á milli ára fyrir verkstaði, skrifstofur og verkstæði og heildarhlutfall.

Úrgangsflokkar



Aðkeypt vara og þjónusta

Aðkeypt vara og þjónusta er langsamlega stærsti hluti heildarkolefnisspors félagsins en talsverður vandi er að mæla það nákvæmlega. Því eru lífsferilsgreiningar verka notaðar til að ná utanum þann hluta losunar félagsins. Unnið hefur verið markvisst að því að finna upplýsingar um kolefnisspor byggingarefna og leiðir til að innleiða á skilvirkan hátt í innkaupaferli félagsins að kolefnisspor byggingarefna sé metið til hliðar við önnur atriði eins og gæði og verð. Steypa er stærsti einstaki þátturinn í kolefnisspori aðkeyptrar vöru og þjónustu. Í öllum eigin verkum og verkum í eigu tengdra félaga er notuð steypa með minna kolefnisspori að eins miklu leyti og hægt er.

Þekking

Umhverfisáhrif JÁVERK af innkaupum byggingarefna er eins og áður segir mjög mikil. Til að minnka umhverfisáhrifin þarf að auka þekkingu þeirra sem hanna byggingar og stýra innkaupum á byggingarefni. Unnið hefur verið að því að auka þekkingu þeirra sem koma að hönnun og efniskaupum innan JÁVERK í umhverfismálum. Með fjölgun umhverfissvottaðra verkefna hefur skapast mikil þekking innan félagsins en umhverfissvottun tekur á fjölbreyttum þáttum sem tengjast umhverfis og gæðamálum.

E8. Loftslagseftirlit/stjórn

GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 | UNGC | SDG

Stjórn JÁVERK fjallar ítarlega um umhverfismál félagsins a.m.k. einu sinni á ári. Áhættuþættir tengdir umhverfismálum hafa verið felldir inn í gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi félagsins.

E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur

GRI 102-19, 20, 29, 30, 31 | UNGC | SDG

Ákvarðanir varðandi stefnu og markmið í umhverfismálum eru teknar af gæðaráði fyrirtækisins ásamt framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra. Gæðaráð JÁVERK, sem er skipað gæðastjóra og þremur verkefnastjórum, sér til þess að gæða-, umhverfis- og öryggisstefnum fyrirtækisins sé framfylgt.

Hlutverk gæðaráðs er m.a. að tryggja að sjálfbærni verði hluti af daglegum rekstri félagsins og vera leiðbeinandi um áherslur í sjálfbærnimálum, þannig að sem bestur árangur náist í félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni. Gæðaráðið fjallar um loftslagsmál í víðum skilningi ásamt því að ákvarða verkefni og aðgerðir sem farið er í til að ná fram settum markmiðum. Upplýsingum úr starfi nefndarinnar er skilað til stjórnar með reglubundnum hætti.

E10. Mildun loftslagsáhættu

GRI | UNGC 9 | SDG 13

Í þróunarverkefnum JÁVERK er markvisst unnið að því að hönnun og efnisval nýbygginga valdi sem minnstum umhverfisáhrifum á sama tíma og gæði fyrir notendur þeirra eru háværkuð.

Stærsti áhrifapáttur JÁVERK í losun gróðurhúsalofttegunda er frá framleiðslu byggingarefna og þar er steypa langstærsti einstaki þátturinn. Markvisst er unnið að því að velja byggingarefni sem valda hvað minnstum umhverfisáhrifum, þ.m.t. steypu eins og áður hefur komið fram.

Ekki hefur verið farið í beinar fjárfestingar til að milda loftslagsáhættu en farið hefur verið í töluverðar óbeinar fjárfestingar. Þar er stærsti þátturinn þekkingaraukning og þjálfun starfsmanna í umhverfismálum en það er trú félagsins að með því náist mestur árangur í því að gera sjálfbærni að hluta af daglegum rekstri.



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Á meðal markmiða JÁVERK er að vera ábyrgur samfélagsþegn og styðja við félagasamtök sem starfa í takti við stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð.

Á meðal markmiða JÁVERK samkvæmt stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð er að vera eftirsóttur vinnustaður og leggur félagið áherslu á að skapa starfsfólki sínu jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Hjá JÁVERK störfuðu 83 einstaklingar í fullu starfi í árslok 2024. Grunnildir félagsins eru heiðarleiki, framsækni, samfélagsleg ábyrgð og skilvirkni. Lögð er áhersla á að starfsfólk JÁVERK vinni eftir þeim í öllum sínum störfum fyrir félagið.

JÁVERK líður ekki mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, stjórnmálaskoðana, aldurs, kynhneigðar, atgervis, fötlunar eða efnahags og vill stuðla að því að fólk fái notið hæfileika sinna, sér og samfélaginu til ávinnings. JÁVERK líður ekki ógnandi tilburði, einelti eða ofbeldi af nokkru tagi svo sem svívirðingar, baktal eða áreitni af neinum toga. Hverjum einstaklingi sem telur sig hafa orðið fyrir áreitni er leiðbeint að tilkynna atvikið til yfirmanns eða trúnaðarmanns.

Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi sem kynnt er öllu starfsfólki og er hún aðgengileg á innri vef félagsins. Stefna félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð skiptist m.a. í: Mannréttindastefnu, Siðareglur og varnir gegn spillingar- og mútumálum, Öryggis- og heilbrigðisstefnu og Starfsmannastefnu. Starfsfólki hefur verið kynnt stefnan og gerð grein fyrir skyldum sínum gagnvart haghöfum félagsins, sem og þeim réttindum sem þeim eiga að vera tryggð. Með ábyrgri og vandaðri starfsmannastefnu er stuðlað að bættu viðskiptasiðferði í samfélaginu. Vinnubrögð sem samræmast ekki stefnu félagsins geta skaðað félagið fjárhagslega og/eða orðspor þess. Starfsfólk er hvatt til að láta stjórnendur vita af því ef það telur félagið eða starfsfólk þess fara gegn stefnunni, og er þeim heitið trúnaði um slíkar ábendingar. Er starfsfólki kynnt ákvæði laga um vernd uppljóstrara og verklagsreglur sem JÁVERK hefur sett um uppljóstrun starfsmanna um brot eða ámælisverða háttsemi. JÁVERK hefur frá upphafi virt félagafrelsi starfsfólks síns og rétt til kjarasamninga.


S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra

GRI 102-38 | UNGC 6 | SDG

Laun framkvæmdastjóra eru ákveðin af stjórn félagsins og eru byggð á hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins. Laun framkvæmdastjóra eru birt í ársreikningi félagsins.

Miðgildi launa starfsfólks árið 2024 er 42,0% (2,38 : 1) af launum framkvæmdastjóra.

S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra



S2. Launamunur kynja


GRI 405-2 | UNGC 6 | SDG 5

Í árslok 2024 störfuðu hjá JÁVERK 83 einstaklingar í fullu starfi, 75 karlar og 8 konur. Hlutfall miðgildis launa karla og miðgildis launa kvenna á árinu var 111% (0,9 : 1).

Munurinn skýrist að miklu leyti af ólíkum störfum innan félagsins samanber kafla S4.

Stjórnendur JÁVERK telja sig uppfylla ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skv. lögum nr. 10/2008.

S2. Launamunur kynja



Mynd S2. Miðgildi heildarlauna karla sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna

S3. Starfsmannavelta

GRI 401-1b | UNGC 6 | SDG

Fjöldi starfsfólks hjá JÁVERK var 83 í lok árs 2024 og heildarstöðugildi á árinu voru 81. Á árinu hættu 6 starfsmenn. Starfsmannavelta telst því vera 7,5%. Hlutfall starfsfólks í hlutastarfi breytist ekki á milli ára.


S4. Kynjafjölbreytni

GRI 102-8, 405-1 | UNGC 6 | SDG 5

Hjá JÁVERK störfuðu 86 einstaklingar meirihluta ársins, þar af 9 konur (10,5%) og 77 karlar (89,5%). Framkvæmdastjóri félagsins er karlmaður en engin framkvæmdastjórn er starfandi hjá félaginu.

Samkvæmt jafnréttis- og jafnlaunastefnu JÁVERK skal leitast við að jafna hlutfall kynjanna í hópi starfsfólks og í stjórnunarstöðum. Dreifingu kynja eftir heildarfjölda starfsfólks má sjá á mynd S4.

S4. Kynjafjölbreytni



Mynd S4. Kynjafjölbreytni

S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta

GRI 102-8 | UNGC 6 | SDG

Allt starfsfólk er fastráðið. 3 starfsmenn eru í hlutastarfi á skrifstofu félagsins. Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi var þannig um 3,7% af heildarstöðugildum.

S6. Aðgerðir gegn mismunun

GRI 103-2 | UNGC 6 | SDG

Í stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð kemur fram að JÁVERK líti svo á að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Einnig segir að félagið kappkosti að skapa starfsfólki jöfn tækifæri til þróunar í starfi og líði ekki mismunun á grundvelli þjóðernis, kyns, kynþáttar, trúar, stjórnmálaskoðana, aldurs, kynhneigðar, atgervis, fötlunar eða efnahags. Í stefnunni kemur einnig fram að JÁVERK líði ekki ógnandi tilburði, einelti eða ofbeldi af nokkru tagi svo sem svívirðingar, baktal eða áreitni af neinum toga. Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi.



S7. Vinnuslysatiðni

GRI 403-9 | UNGC | SDG 3

Tilkynnt var um þrettán vinnuslys á árinu 2024 (tólf 2023), eitt hjá starfsmanni JÁVERK og tólf hjá starfsmönnum undirverktaka á vinnusvæðum JÁVERK. Þar af voru níu slys þar sem hinn slasaði þurfti að leita sér aðstoðar á sjúkrahúsi (níu 2023) og tíu sem ollu fjarveru (átta 2023). Þar að auki voru níu næstum slys skráð (átta 2023).

Með fjarveruslysi er átt við slys sem hefur þær afleiðingar að viðkomandi mætir ekki til vinnu a.m.k. einn dag af næstu sjö almanaksdögum eftir atvikið.

Áhersla er lögð á öryggi allra starfsmanna sem koma að verkum JÁVERK. Öryggisnefnd JÁVERK er skipuð öryggisfulltrúa, gæðastjóra, yfirmanni véladeildar, tveimur öryggistrúnaðarmönnum og öllum verkstjórum sem jafnframt eru öryggisverðir. Starfsfólk er hvatt til að tilkynna öll slys og næstum því slys sem eru greind og farið í aðgerðir til að koma í veg fyrir að atvikið/slysið endurtaki sig.

Fjölgun slysa er ekki sú þróun sem við viljum sjá en áfram var unnið að eftirliti og stuðningi við eftirfylgni öryggismála í verkefnum. Eftirfylgni og aðstoð við gerð, skil og þjálfun á áhættumötum starfa var einnig haldið áfram ásamt eftirfylgni á viðbrögðum við athugasemdum sem snúa að öryggismálum. Skráning næstum því slysa hefur aukist að nýju sem er jákvæð þróun.

S8. Hnattræn heilsa og öryggi

GRI 103-2 | UNGC | SDG 3

JÁVERK er umhugað um öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks og sér félagið til þess að starfsfólk fái góða vinnuáðstöðu og heilnæmt vinnuumhverfi. Félagið vill stuðla að sveigjanleika í vinnu og starfsfólk sem þess óskar getur unnið heiman frá sér þegar verkefni og eðli þeirra leyfa.

Í stefnu JÁVERK varðandi samfélagslega ábyrgð er kafli um heilsu og öryggi starfsfólks. Félagið hvetur starfsfólk sitt til heilbrigðra lífshátta.

JÁVERK hefur boðið öllu starfsfólki upp á heilsufarsmælingar og ráðleggingar frá óháðum þriðja aðila sem langflest hafa nýtt sér.

S9. Barna- og nauðungarvinna

GRI 103-2 | UNGC 4, 5 | SDG 8

Í mannréttindastefnu JÁVERK, sem er hluti af stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð kemur fram að það samræmist ekki stefnu JÁVERK að eiga í viðskiptum við aðila sem tengjast barnaþrælkun eða nauðungar- og þrælkunarvinna af neinu tagi. Eins eru ákvæði varðandi barna- og nauðungarvinna í siðareglum birgja. JÁVERK fer að lögum og reglum í allri starfsemi sinni, og þar á meðal þeim lögum og reglum sem miða að því að vernda börn og ungmenni, m.a. gegn barnaþrælkun og/eða nauðungarvinna. Félagið starfar samkvæmt íslenskri vinnulöggjöf og hafa félaginu ekki borist neinar ábendingar um störf barna og ungmenna á vegum þeirra aðila sem félagið kaupir þjónustu af.

S10. Mannréttindi

GRI 103-2 | UNGC 1, 2 | SDG 4, 10, 16

Í stefnu JÁVERK varðandi samfélagslega ábyrgð er að finna sérstaka mannréttindastefnu, sem fjallar um réttindi starfsfólks JÁVERK annars vegar og mannréttindi annarra hagaðila hins vegar. Í henni segir m.a. að JÁVERK líti svo á að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Félagið skuldbindur sig til að virða almenn mannréttindi í allri starfsemi sinni og það samræmist ekki stefnu félagsins að eiga í viðskiptum við aðila sem virða ekki almenn mannréttindi, svo sem réttindi á vinnumarkaði, rétt til félagsafrelsis og góðs aðbúnaðar. Þar er einnig fjallað um rétt til kjarasamninga, jöfn tækifæri, jafnrétti og jöfn laun.

STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn JÁVERK leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Félagið fékk endurtekna viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki á árinu 2024, ellefta árið í röð.

Siðareglur birgja voru innleiddar á árinu 2021 og eru þær kynntar fyrir birgjum við upphaf nýrra viðskiptasamninga.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af því að hluthafi félagsins er aðeins einn.

G1. Kynjahlutfall í stjórn

GRI 405-1 | UNGC | SDG 5, 10

Stjórn JÁVERK er skipuð einum karli og varamaður í stjórn félagsins er karl.

G2. Óhæði stjórnar

GRI 102-23, 22 | UNGC | SDG

Stjórnarmaður JÁVERK og varamaður í stjórn eru jafnframt stærstu eigendur móðurfélags JÁVERK.

G3. Kaupaukar

GRI 102-35 | UNGC | SDG

Engir kaupaukasamningar hafa verið gerðir hvorki við starfsfólk né stjórn félagsins.

G4. Kjarasamningar

GRI 102-41 | UNGC 3 | SDG 8

Í stefnu JÁVERK varðandi samfélagslega ábyrgð er tekið fram að félagið virði félagafrelsi og viðurkenni rétt manna til kjarasamninga. Allt starfsfólk JÁVERK gerir skriflega ráðningarsamninga við félagið þar sem vísað er til þess að um réttindi starfsfólks fari eftir tilteknum kjarasamningum.

G5. Siðareglur birgja

GRI 102-16, 103-2 | UNGC 2, 3, 4, 8 | SDG 12

JÁVERK hefur skrifað og samþykkt siðareglur birgja og einnig er fjallað um siðareglur birgja í stefnu JÁVERK varðandi samfélagslega ábyrgð. Farið hefur verið yfir lista af stærstu birgjum félagsins og þeir sem ekki hafa sínar eigin siðareglur hafa fengið sendar siðareglur JÁVERK. Birgjar hafa ekki með formlegum hætti vottað fylgni sína við reglurnar. Í útboðslýsingum og verksamningum gerir JÁVERK kröfu um að verktakar lýsi yfir og ábyrgist að þeir virði réttindi starfsfólks síns og undirverktaka. Ekki er til yfirlit um fjölda eða hlutfall verktaka sem skrifað hafa undir slíka samninga eða siðareglur birgja. Allir nýlegir samningar við undirverktaka JÁVERK hafa að geyma ákvæði um að félagið áskilji sér rétt til að rifta samningi umsvifalaust komi í ljós að starfsemi undirverktakans brjóti gegn lögum og reglum og/eða ef verktaki gerist sekur um að virða ekki almenn mannréttindi starfsfólks eða viðskiptavina í tengslum við framkvæmdir.

G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

GRI 102-16, 103-2 | UNGC 10 | SDG 16

Stefna JÁVERK varðandi samfélagslega ábyrgð hefur að geyma kafla um siðareglur og varnir gegn spillingu og mútumálum. Þar er m.a. fjallað um viðskiptasiðferði, meðferð trúnaðarupplýsinga, siðferðileg vafamál og vernd uppljóstrara.

Félagið hefur sett fram stefnu og viðbragðsáætlun og verklag um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi sem kynnt er öllu starfsfólki og er aðgengilegt þeim á innri vef félagsins. Einnig hafa verið settar verklagsreglur um uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í tengslum við starfsemi félagsins sem aðgengileg er á sama stað.

Starfsfólk hefur ekki með formlegum hætti vottað fylgni sína við reglurnar en þær eru vel kynntar starfsfólki. Engar tilkynningar um mögulega misbresti hafa borist stjórn eða stjórnendum félagsins frá starfsfólki félagsins eða öðrum.

G7. Persónuvernd

GRI 418 | UNGC | SDG

JÁVERK hefur sett sér Persónuverndarstefnu sem birt er á innri vef félagsins. Haldið er utan um vinnsluskrá sem gerð er í samræmi við fyrirmæli GDPR (General Data Protection Regulation) sem tekin voru upp í persónuverndarlög á Íslandi á árinu 2018. Félagið setti sér einnig verkferla og aðgerðaráætlun á árinu 2018 sem það fylgir í dag.

Tilgreindir hafa verið aðilar innan félagsins sem sjá um meðferð og meðhöndlun persónuupplýsinga í samræmi við reglur GDPR.

G8. Sjálfbærniskýrsla

GRI | UNGC 8 | SDG

JÁVERK birtir nú samfélagsskýrslu sína í fjórða sinn samhliða skýrslu stjórnar og telur félagið sig með því uppfylla ákvæði 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Skýrslan fjallar ítarlega um sjálfbærni í umhverfismálum og félagslegum þáttum. Sjálfbærnihugtakið í rekstri fyrirtækja nær einnig yfir efnahagsmálin, en fjallað er um þau í ársreikningi félagsins. Ársreikningur og samfélagsskýrsla eru gefin út samhliða og skilað til ársreikningaskrár.

Önnur gögn um sjálfbærni er ekki að finna í skýrslum til yfirvalda, enda ekki gerð krafa um slíkt hvað varðar starfsemi félagsins.

G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf

GRI | UNGC 8 | SDG 17

Samfélagsskýrsla JÁVERK verður gefin út árlega og birt á heimasíðu félagsins, þar sem allir hagsmunaaðilar hafa aðgang að henni. Ekki er um aðrar skýrslur að ræða en þessa Samfélagsskýrslu sem byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq, en vísað er til samsvarandi ákvæða í GRI og UNGC þar sem það á við.

G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila

GRI 102-56 | UNGC 8 | SDG

JÁVERK hefur ekki látið framkvæma úttektir á þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma í samfélagsskýrslu þessari utan þess sem áður hefur komið fram um úttekt á gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi félagsins.



ESG TAFLA JÁVERK 2024

Á næstu síðum er ESG tafla JÁVERK sem sett er upp í takt við UFS leiðbeiningar Nasdaq.





Umhverfispættir

E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Umfang 1 - Heildarmagn eldsneytis	tCO ₂ í	507,1	513,7	518,0	0,8%
Umfang 2 - Heildarmagn rafmagns og heits vatns	tCO ₂ í	28,1	46,4	49,1	5,9%
- Þar af verkstaðir	tCO ₂ í	24,7	44,1	46,5	5,4%
- Þar af skrifstofur og verkstæði	tCO ₂ í	3,4	2,2	2,6	19,5%
Umfang 3 - Flugferðir	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3 - Aðkeypt þjónusta og efni	tCO ₂ í	-	-	-	-
Umfang 3 - Heildarmagn úrgangs	tCO ₂ í	123,1	150,3	142,2	-5,4%
- Þar af endurvinnsla	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,0	0,0%
- Þar af urðun	tCO ₂ í	134,2	150,3	142,1	-5,5%
- Þar af lífrænn úrgangur til jarðgerðar	tCO ₂ í	0,1	0,1	0,1	57,1%
Samtals losun	tCO ₂ í	658,2	710,5	709,3	-0,2%
Mótvægisáðgerðir:	tCO ₂ í				
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-4 SDG: 13					

E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Rekstrarþættir					
Losun gróðurhúsalofttegunda	tCO ₂ í	658,2	710,5	709,3	-0,2%
Tekjur	millj. ISK	8.239,7	10.895,9	11.503,9	5,6%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	80,0	79,0	81,0	2,5%
Eigið fé	millj. ISK	2.119,8	2.104,2	2.895,1	37,6%
Losunarkræfni					
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/millj ISK	79,9	65,2	61,7	-5,4%
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ í/stöðug.	8.228,0	8.993,1	8.756,4	-2,6%
Losunarkræfni eigin fjár	kgCO ₂ í/millj ISK	310,5	337,6	245,0	-27,4%
Nasdaq: E2 UNGC: P7, P8 GRI: 305-4 SDG: 13					

E3. Orkunotkun	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Jarðefnaeldsneyti	kWst	1.932.316	1.885.485	1.902.379	0,9%
Rafmagn	kWst	2.729.759	1.459.416	1.515.597	3,8%
Heitt vatn	kWst	7.420.599	4.556.136	4.863.624	6,7%
Heildarnotkun	kWst	12.082.674	7.901.037	8.281.600	4,8%
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12					

E4. Orkukræfni	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Rekstrarþættir					
Bein orkunotkun	kWst	12.082.674,0	7.901.037,3	8.281.600,2	4,8%
Tekjur	millj. ISK	8.239,7	10.895,9	11.503,9	5,6%
Starfsmannafjöldi	stöðugildi	80,0	79,0	81,0	2,5%
Eigið fé	millj. ISK	2.119,8	2.104,2	2.895,1	37,6%
Orkukræfni		-			
Orkukræfni tekna	kWst/millj. ISK	1.466,4	725,1	719,9	-0,7%
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðug.	151.033,4	100.013,1	102.242,0	2,2%
Orkukræfni eigin fjár	kWst/millj. ISK	5.699,9	3.754,9	2.860,5	-23,8%
Nasdaq: E4 UNGC: P7, P8 GRI: 302-3 SDG: 12					

E5. Samsetning orku	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Heildarorkunotkun	kWst	12.082.674	7.901.037	8.281.600	4,8%
Jarðefnaeldsneyti	%	16,0%	23,9%	23,0%	-3,7%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	84,0%	76,1%	77,0%	1,2%
Þar af rafmagn	%	22,6%	18,5%	18,3%	-0,9%
Þar af heitt vatn	%	61,4%	57,7%	58,7%	1,8%
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7					

E6. Vatnsnotkun	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Kalt vatn	m³	-	-	-	
Heitt vatn	m³	127.283	78.150	83.424	6,7%
Heildarvatnsnotkun	m³	127.283	78.150	83.424	6,7%
Endurrunnið vatn	m³	-		-	-
Endurheimt vatn	m³	-		-	-
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6					

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2022	2023	2024	Breyting
Heildarmagn úrgangs	tonn	688,4	745,2	1.146.995,0	8,3%
Hlutdeild í heildarmagni					
Verkstaðir	%	96%	93%	93%	
Eigin rekstur	%	4%	7%	7%	
Flokkunarhlutfall					
Verkstaðir	%	79%	82%	86%	
Eigin rekstur	%	75%	94%	94%	
Flokkunarhlutfall heildarmagns	%	80%	83%	87%	

E7. Umhverfisstarfsemi	Einingar	2022	2023	2024
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	já	já	já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnu	já/nei	já	já	já
Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi	já/nei	nei	nei	nei
Nasdaq: E7 GRI: 103-2				

E8. Loftslagseftirlit stjórnar	Einingar	2022	2023	2024
Hefur stjórn fyrirtækisins eftirlit með og/eða stjórnar loftslagslegri áhættu?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30				

E9. Loftslagseftirlit stjórnenda	Einingar	2022	2023	2024
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31				

E10. Mildun loftslagsáhættu	Einingar	2022	2023	2024
Heildarférmagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þús. ISK	-	-	-
Nasdaq: E10 UNGC: P9				

Félagslegir þættir

S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra	Einingar	2022	2023	2024
„Laun og bónusgreiðslur framkvæmdastjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi.“	X:1	1,85	2,05	2,38
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: S1 UNGC: P6 GRI: 102-38				
S2. Launamunur kynja	Einingar	2022	2023	2024
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	0,94	1,04	0,90
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	3,0%	1,0%	1,3%
Nasdaq: S2 UNGC: P6 GRI: 405-2				
S3. Starfsmannavelta	Einingar	2022	2023	2024
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	5,0%	10,1%	7,5%
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	0,0%	0,0%	0,0%
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	0,0%	0,0%	0,0%
Nasdaq: S3 UNGC: P6 GRI: 401-1b SDG: 12				
S4. Kynjafjölbreytni	Einingar	2022	2023	2024
Starfsmannafjöldi - heild	fjöldi	84	80	86
- þar af konur	fjöldi	8	7	9
- þar af karlar	fjöldi	76	73	77
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	9,5%	8,8%	10,5%
Annað / almennt starfsfólk	fjöldi	83	79	88
- þar af konur	fjöldi	8	7	9
- þar af karlar	fjöldi	75	72	79
Hlutfall kvenna, annað starfsfólk	%	9,6%	8,9%	10,2%
Framkvæmdastjórn	fjöldi	1	1	1
- þar af konur	fjöldi	-	-	-
- þar af karlar	fjöldi	1	1	1
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	%	0%	0%	0%
Nasdaq: S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1				

S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2022	2023	2024
Heildar stöðugildi	fjöldi	80	79	81
Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi	%	3,2%	3,8%	3,7%
Hlutfall verktaka og/eða ráðgjafa	%	3,8%	2,5%	2,5%
Nasdaq: S5 UNGC: P6 GRI: 102-8				
S6. Aðgerðir gegn mismunun	Einingar	2022	2023	2024
Fylgir fyrirtækið stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: S6 UNGC: P6 GRI: 103-2				
S7. Vinnuslysatiðni	Einingar	2022	2023	2023
Fjarveruslys	fjöldi	5	8	10
- Þar af starfsmenn JÁVERK	fjöldi	1	2	1
- Þar af starfsmenn undirverktaka	fjöldi	4	6	9
Slys án fjarveru	fjöldi	2	4	3
- Þar af starfsmenn JÁVERK	fjöldi	0	0	0
- Þar af starfsmenn undirverktaka	fjöldi	2	4	3
Fjöldi banaslysa	fjöldi	0	0	0
Nasdaq: S7 GRI: 403-9 SDG: 3				
S8. Hnattræn heilsa og öryggi	Einingar	2022	2023	2024
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt starfstengdri heilsustefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: S8 GRI: 103-2				
S9. Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2022	2023	2024
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	já	já	já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	já	já	já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og undirverktaka?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: S9 GRI: 103-2				
S10. Mannréttindi	Einingar	2022	2023	2024
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	já	já	já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og undirverktaka?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: S10 GRI: 103-2				

Stjórnarhættir

G1. Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2022	2023	2024
Fjöldi í stjórn	fjöldi	1	1	1
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima	%	0%	0%	0%
Fjöldi í nefndum	fjöldi	-	-	-
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna	%	-	-	-
Nasdaq: G1 GRI: 405-1 SDG: 10				

G2. Óhæði stjórnar	Einingar	2022	2023	2024
Bannar fyrirtækið framkvæmdastjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	nei	nei	nei
Fjöldi stjórnarmanna	fjöldi	1	1	1
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0%	0%	0%
Nasdaq: G2 GRI: 102-22, 102-23				

G3. Kaupaukar	Einingar	2022	2023	2024
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: G3 GRI: 102-35				

G4. Kjarasamningar	Einingar	2022	2023	2024
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%
Nasdaq: G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41				

G5. Siðareglur birgja	Einingar	2022	2023	2024
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	já	já	já
Hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-
Nasdaq: G5 UNGC: P2, P3, P4 SDG: 12 GRI: 102-16, 103-2				

G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2022	2023	2024
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða aðgerðum gegn spillingu?	já/nei	já	já	já
Hlutfall starfsmanna sem hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni.	%	-	-	-
Nasdaq: G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2				

G7. Persónuvernd	Einingar	2022	2023	2024
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	já	já	já
Hefur fyrirtækið hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	já	já	já
Nasdaq: G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016				

G8. Sjálfbæriskýrsla	Einingar	2022	2023	2024
Birtir félagið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	já	já	já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda	já/nei	já	já	já
Nasdaq: G8 UNGC: P8				

G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Einingar	2022	2023	2024
Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	nei	nei	nei
Leggur fyrirtækið áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?	já/nei	nei	nei	nei
Setur fyrirtækið markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	-	-	-
Nasdaq: G9 UNGC: P8				

G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Einingar	2022	2023	2024
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	nei	nei	nei
Nasdaq: G10 UNGC: P8 GRI: 12-56				



